

## SKAUT VIN SINN TIL BANA

Maður einn á Höfn í Hornafirði skaut kunningja sinn til bana á sunnudagsmorgun. Mennirnir höfðu setið við drykkju á heimili annars þeirra og endaði drykkjan með fyrrgreindum afleiðingum.

Mennirnir voru búnir að vera við drykkju alla aðfaranótt sunnudagsins, en atburðurinn varð um kl. 7 á sunnudagsmorgun. Mönnunum sinnaðist eitthvað og kom til átaka milli þeirra. Ætlaði gesturinn að fara, og var kominn út úr húsinu, þegar húsráðandi skaut á hann. Húsbóndinn hafði þrifið haglabýssu og hlaðið hana

tveimur skotum. Skaut hann að kunninga sínum og lenti að minnsta kosti annað skotið í brjósti mannsins, sem beið samstundis bana.

Eiginkona skotmannsins hringdi strax á lögregluna, sem kom og handtók manninn. Ekki sýndi maðurinn neinn mótþróa, þegar hann var tekinn í vörzlu lögreglunnar.


Maðurinn, sem skaut, var mjög drukkinn, þegar atburðurinn gerðist. Var hann fluttur til Reykjavíkur og úrskurðaður í allt að 3 mánaða gæsluvarðhald og geðrannsókn.

Málið er í rannsókn hjá sýslumanni í Vik í Mýrdal, en hann gat ekki gefið blaðinu neinari upplýsingar í

morgun, þar sem enn á eftir að yfirheyra manninn sjálfan og vitni að atburðinum. Sýslumaðurinn kom til Reykjavíkur með skotmanninn.

Skotmaðurinn og maður sá, sem hann skaut, voru búnir að þekkja í fjölda ára, en báðir voru þeir búsettir í Höfn í Hornafirði.

—DM



Þegar gengið er eftir svartri öskunni, sem nú hylur allt í Vestmannaeyjum, veit maður oft ekki fyrri til en að staðið er á reykháfi eða þaki einhvers húss, sem grafið er í öskunni. Hér má sjá yfir byggðina austast í bænum. Upp úr svartri hulunni rýkur úr rústum.

Ljósmynd: Bragi Guðmundsson.

## 2.400 milljónir í Eyjaskatt

Nýir skattar til hjálpar fyrst í stað. Engin andspyrna innan ríkisstjórnarinnar gegn hjálp, segir Hannibal

Ég get fullyrt, að það er algjör tilbúningur að nokkur andspyrna hafi verið gegn því innan ríkisstjórnarinnar að þiggja aðstoð frá öðrum ríkjum eða frá varnarliðinu. Hitt er annað mál, að ég tel, að okkur beri siðferðileg skylda til að axla einhverjar byrðar sjálfir, áður en við þiggjum fjárhagsaðstoð erlendis frá. Við verðum að sýna þann manndóm, sagði Hannibal Valdimarsson, félags-

málaráðherra, við Vísir

Verkefni, sem bíða okkar núna, eru óskapleg, en við viljum leggja á það höfuðáherzlu, að samstæða náist hjá öllum flokkunum um aðgerðir. Ríkisstjórnin hugleiðir nú að leggja þingsályktunartillögu fyrir þing í dag, þar sem óskað er eftir sérstakri nefnd allra flokka, sem verði falli að ganga frá tillögum að fjárútvægun.

Nú er gert ráð fyrir því, að útvega þurfi í fyrsta falli 2.400 milljóna króna til næstu 7-8 mánaða. Þetta fé þarf að nota til brýnustu verkefna, svo sem að rýnastafa fólki í húsnæði, bæta hafnaraðstöðu, sérstaklega í

Grindavík og Þorlákshöfn, til að floti Vestmannaeyinga geti afhafnað sig þar. Þá þarf að greiða fyrir björgunarstörf o.s.frv., sagði Hannibal.

Hins vegar, ef til þess kemur, að nauðsynlegt reynist að byggja upp nýja byggð fyrir Vestmannaeyinga, þurfum við á tugmilljörðum króna að halda. Ef þessir atburðir hafa þau sálrænu áhrif á fólk, að það getur ekki hugsað sér að flytja heim aftur, getur alveg komið til álita að byggja upp nýjan bæ á súðurstöndinni, við Dyrhólaey, Vik í Mýrdal, til að nýta þau mið, sem Vestmannaeyingar hafa nýtt, sagði Hannibal. — Hannibal vildi ekki staðfesta

þær upplýsingar Vísis að mikill ágreiningur hefði verið á fundi flokksstjórnar Fjálslyndra og vinstri manna í gærkvöldi vegna hugmynda innan ríkisstjórnarinnar um fjárútvægun vegna neyðarástandsins.

Samkvæmt þeim fréttum logaði jafn glatt hjá Hannibalistum og í Vestmannaeyjum vegna ágreinings um leiðir. — Vísir hefur frétt, að ríkisstjórnin vilji, að felldar verði niður umsamdar launa- hækkanir og vísitöluhækkanir 1. marz, en atvinnurekandur greiði samsvarandi upphæð svokallaðan viðlagasjóð (bjargráðastjóð). Þá verði hækkanir, sem sjómenn fengu nú um ára-

mótin vegna fiskverðshækkana, teknar í sama sjóð. Lagður verði á 30% aukaeignaskáttur Söluskattur verði hækkaður um 2,5 prósent, fari í 13,5%. Sérstakt útflutningssjald 5,5% verði á öllum útflutningi, en af því fari helmingur í sérstakan útflutningssjóð, sem væri óháður Vestmannaeyjum.

Margir Hannibalistar, sérstaklega verkalyðsforingjar eins og Björn Jónsson, munu hafa verið mjög óhamingjusamir út af þessum tillögum. Þá grunar ymsa ríkisstjórnina um græsku, — að vilja nota neyðarástafanir vegna Vestmannaeyja til að fela almennar efnahagsráðstafanir. —VJ



## VÍSIR SPYR:

Hvernig aðstæður þurfa að yðar mati að vera fyrir hendi til að óhætt sé fyrir fólk — úr Eyjunum að fara heim?



**Ólafur Tryggvi Finnbogason, sjómaður:** Ég held að best væri að láta jarðfræðingana akveða það, og láta fólkid ekki fara heim til sín aftur fyrr en að vel athuguðu máli.



**Sævar Örn, loftskeytanemi:** Fólkinu má ekki vera hættu búið þegar það fer aftur. Eldgosið verður að vera hætt, að minnsta kosti þannig að engin hættu sé á hraunrennsli.



**Hilmar Magnússon, garðyrkju- maður:** Gosið verður að hafa hætt tveim mánuðum áður, þá mætti fara að athuga að láta fólkid fara aftur. Þó mætti kannski byrja að vinna fisk þarna eitthvað fyrr.



**Björgvin Björgvinsson, afgreiðslumaður:** Það verður allt að vera orðið öruggt, en það er auðvitað aldrei að vita hvenær það verður. Loftið þarf að vera orðið hreint og heilnæmt.




**Bjartmar Magnússon hringdi:** „Það er til háborinnar skamm- ar, hve lítið hefur verið gert úr því, sem varnarliðið gerði til að- stöðar Vestmannaeyingum — því að maður hefur hvergi séð það

**Polly Sæmundsdóttir, húsmóðir:** Gosið þarf að vera hætt, en ég veit ekki hvað lengi. Það er svo með suma að þeir vilja fara strax út aftur.



**Guðbjörn Jónsson, klæðskeri:** Mér finnst sjálfsgað að láta þá akveða það sjálfa. Þeir eiga að bera ábyrgð á því sjálfir hvenær þeirra fólk kemur heim. Annars ræður veðráttan miklu um þetta.



Arni Guðmundsson þurfti að grafa sig niður í hús sitt. Hann fór inn um svaladyrnar, allt annað var komið í kaf....

# „Vildi að allt sléttist út hér í Eyjum“

— segir Árni Guðmundsson sjómaður

„Ég á aðeins eina ósk núna, og hún er sú, að öll byggð og allt hér á Heimaey sléttist út“. Þetta sagði sjómaður búsettur í Vestmannaeyjum, Arni Guðmundsson, þegar Vísir hitti hann að máli við satt að segja furbulegustu að- stæður. Arni bjó á Tungötu í Vestmannaeyjakaupstað.

Í fyrrakvöld þegar hvað verst lét í gosinu, dundi mikið óskufall á götunni, enda er hún einna austust í bænum. Arni var í Hjálparveit skáta, sjálfboða- vinnu, og var að vinna við að bjarga húsgögnum úr næstu húsum í ösku og eldregni, þegar hann sá, að illa var að fara fyrir húsi hans. Gífurleg aska hafði hláðist upp allt í kring, og mikið óskumagn safnabísta á þakið. Ekki vannst þó tími til þess að bjarga hlutum úr húsi Arna, þar sem eld- regn var orðið svo mikið, að það kviknaði í afturdekkjum vörubíls, sem hann og fleiri voru á.

En morguninn eftir varð eit- hvað til bragðs að taka.

„Ég kom hingað snemma í morgun“, sagði Arni, en þá var hann staddur í húsi sínu, illa út- leiknu, á Tungötu. „Hér nær vikurinn og askan hátt upp á aðra hæð hússins, og því var ekkert annað að gera en að grafa sig niður á svalir hússins og fara þannig inn á aðra hæð. Svo er að

reyna að bjarga því sem bjargað verður. En maður veit helzt ekki, hvað maður á að taka af því sem hér er“.

„Það gekk á með svo miklum látum hér í nótt, að það var helzt ekki hægt að bjarga út úr húsum hér í nágrenninu, þó að það væri reynt og gert eftir fremsta megni. Glóandi eldhnungar þeyttust hingað niður, og maður var í stöðugri hættu. Mér hefur alltaf líkað vel við fólkid hér í Vestmannaeyjum og haft á því mikið álit. En satt að segja, þá var allt það fólk, sem hér var, hetjur þessa nótt“.

„Fólk hefur líka verið aðdaan- legt síðan gosið hófst. Ég get til dæmis sagt frá örilltu dæmi. Nóttina, sem gosið kom hér upp, flytti ég mér með konu mína og 14 ára gamlan son til kunningja míns og hans fjölskyldu. Við flyttum okkur ekki mikið frá eyjunni, en fengum okkur kaffi- söpa hjá honum. Þegar því var lokið, stóð ég upp til þess að leita að syni mínum. Þá sá ég hann, þar sem hann ásamt stúlkunni á svipuðu reki var að tefla skák. Ég spurði hann, hvort honum þætti rétti tíminn til þess nú. Þá sagði hann: „Fabbí, þú veizt að ég neita aldrei skák“.

Þegar Vísir ræddi við Arna, var hættu á því, að þakið gæti á

## Lesendur hafa orðið



**Kona í Breiðholti hringdi:** „Fyrst hafin er söfnun fyrir Vestmannaeyinga, gætu þá ekki stóru happdrættin, eins og t.d. DAS, SIBS, eða Háskólahapp- drættið, látið vinninga eins mán- aðar renna til söfnunarinnar? — Það eru alltaf nokkrar milljónir og mikið búslag.“

**Hartmann Þorbergsson hringdi:** „Það er kannski óframkvæm- anlegt, en geta ekki stóru happ-

## HAPPDRÆTTISVINNINGANA TIL VESTMANNAEYINGA

drættin eins og DAS og SIBS sleppt drætti á næsti vinningum, og látið heldur vinningana renna til aðstæðar Vestmannaeyingum? — Það er kannski við þá að eiga, sem keypt hafa miða í þessum happdrættum, en það er svo almennur vilji til að aðstoða Vestmannaeyinga, að maður getur varla gert sér í hugarlund að nokkur miðaeigandi mundi mótn- unni þessu.“

Við bárum þessa hugmynd undir Baldvín Jónsson, fram- kvæmdastjóra DAS-happdrættis- ins, og hann taldi hana ófram- kvæmanlega. „Ég hygg, að ekkert happdrættið mundi treysta sér til þess að sleppa drætti. Það má ekki hringla neitt með þann þátt happdrættisins, því ef einu sinni bæri byrjað á slíku, t.j. þá væri

búið að gefa fordæmið til þess að gera það aftur. Og alltaf mundu einhverjir telja sig svikna. — En það eru uppi ráðagerðir hjá happ- drættunum um að veita Vestmannaeyingunum einhverja úrlausn. Það er einungis eftir að ákveða það endanlega, svo að ég get ekki skýrt frá því í einstökum atvörum enn sem komið er.“

## Pólítík í frétttaflutningi

**Bjartmar Magnússon hringdi:** „Það er til háborinnar skamm- ar, hve lítið hefur verið gert úr því, sem varnarliðið gerði til að- stöðar Vestmannaeyingum — því að maður hefur hvergi séð það

nema í Vísir nefnt á nafn, að varn- arliðið hafi þar næri komið. — Það er hreint alveg makalaust, að fjölmiðlarnir skuli geta verið með pólítík, þegar því líkt dýnur yfir eins og þessar hörmungar í Vest- mannaeyjum.“

## Vill fá Einar heim

**Arnkeil Guðmundsson hringdi:** Mig — og sjálfsgað fjölmarga aðra — fýsir að vita, hvað utan- ríkisráðherrann okkar er eigin- lega að gera úti í Ameríku þegar hann ætti að vera hér heima og leggja á ráðin með ríkisstjórninni hvað helzt er til bjargar í málefnum Vestmannaeyinga.

Ameríkuferð hans hefur að visu verið skýrt því nafni, að hann sé að ræða þar um brottflutning varnarliðsins af Íslandi. En við hverja er hann eiginlega að tala? Einhverjar blækur, sem engu ráða?

Við vitum jú öll, að Rogers hefur haft í allt önnur horn að líta en pokahornið hjá Einari. Stöðugar fréttir hafa borizt af ferðum utanríkisráðherrans að sinna geymskivlögum málefnum, eins og t.d. að vera við útför og minningarathafnir um John- son og svo ferð hans til Parísar að

undirrita friðarsamningana um Víetnam.

Og alltaf bíður Einar okkar við tals við hann. Hitt er svo annað mál, hversu ósmekklegt það getur talizt, að Íslendingar standi einmitt í hótunum við Bandaríkjamenn þessa dagana um leið og þeir rétta fram hjálparhönd í þeim hamförum, sem nú eiga sér stað hér. Bandaríkjamenn voru jú fyrstir til að koma til bjargar Vestmannaeyingum og þá einkum hvað snerti fjölkflutninga í lofti frá Eyjunum. Bandaríkja- menn voru sömuleiðis fyrstir til að bjóða fram fjárhagsaðstoð — já, löngu áður en Norðurlanda- þjóðirnar settust niður til að berja saman samuðarkvæðjur, hvað þá meira.

Ég segj enn og aftur: Okkur ber að kalla á Einar og láta barsmið- inni Bandaríkjunum linna rétt á meban þeir sýna af sér þann vinarhug, sem raun ber vitni.

## PERSÓNULEGAR SKAMMIR EIGA EKKI VIÐ NÚNA

**K.P. í Hafnarfirði hringdi:** „Ég gat ekki orða bundizt, þegar ég las í blaðinu hjá ykkur, að það er verið að hnýta í Einar Agústsson í sambandi við varnar- liðið, um leið og talað er um, að varnarliðinu sé ekki þakkað nóg- samlega fyrir aðstoðina við Vest- mannaeyinga.“

Vitanlega eiga þessir menn þakkir skilið, og hafa átt það oftan en í þessu tilvikinu.

En það er alger óþarfi að vera með persónulegar skammir á einn eða neinn eða röfl. Og mér fannst þessi klausa hreint og beint donaskapur, og ekki laus við heimtufrekju og vanþakklæti.“





### Reykjanesið sigldi upp á Hvalbak

# Dagfari bjargaði tveim skipshöfnum á sólarhring

Dagfari frá Húsavík bjargaði tveimur skipshöfnum á einum sólarhring. Reykjanes frá Hafnarfirði strandaði á Hvalbak klukkan 6:20 í morgun. Ekkert var að

mönnum. Næstu skip voru Dagfari og Höfrungur. Lestir Reykjanes voru fullar af sjó, en skipið komst aftur á flot. Enginn sjór var í vélarrúmi. Klukkan 7:48 hafði Dagfari komið línu á Reykjanes og hélt stöð með Reykjanesið í togi til næstu hafnar.

Fréttir voru enn nokkuð óljósar laust fyrir hádegi, en Slysavarnarfélagið og sýslumaðurinn á Eskifirði lögðu áherzlu á afrek Dagfara. Skipstjóri Dagfara er Sigurður Sigurðsson frá Húsavík. Skipið hafði í gær bjargað skipshöfn af Jóni Kjartanssyni, eins og fram kemur í annarri frétt. Sýslumaður sagði, að helzt væri

áð skilja, að Reykjanesið hefði siglt upp á klettinn Hvalbak landmegin. Þar væru grynningar, en sjávarmegin stæði kletturinn upp úr sjó. Reykjanesið er 250 tonn. Veður var talið samilegt á þessum slóðum samkvæmt upplýsingum Slysavarnarfélagsins.

— HH

hverri stundu hrúnið, þar sem bleyta var komin í öskuna og þunginn mikill. Á efstu hæð hússins í herbergi sonarins, hafði rúða brotnaði og mikil aska hafði komið inn. Öskuna skóf, og því gat verið hætt á því að svalardýrnar lokuðust, en það var eina út- og inngönguleiðin, sem hægt var að fara. Annar var komið í kaf. En Arni pakkabí samt sem áður niður pottum og öðru síku, því flestu varð að bjarga

„Mér finnst, að eitthvert stórveldi ætti að styðja okkur við að byggja upp þorp einhvers staðar. Það verður líklegast ákaflega erfitt fyrir okkur að fara sitt í hvora áttina, Vestmannaeyinga sárstaklega þá, sem hér eru fæddir og uppaldir, en það er ég til dæmis“.

„Eg ætla mér ekki að koma hingað aftur. Helzt vildi ég, að aska legðist yfir allt saman og setti svart strik yfir það, sem verið hefur. Og líklegast fara málin þannig að lokum“.

— Hvað missir þú mikið hérna? „Ja, kunningi minn einn, sem kom hér um daginn, verólagið húsið aðeins í ganni, og hann komst að því, að það væri þriggja og hálfir milljón króna virði. Það er kannski lán í óláni, að ég á engan bil, en húsið missir maður allt“.

Fjölskylda Arna var þegar komin til Reykjavíkur, þangað sem hún fór strax eftir að gosið hófst, en Arni kom fljótt aftur til Eyja til þess að hjálpa til. Það má þá geta þess, að við björgunarstarfið í fyrirkvöld fékk Arni stóran óskustein í sig og var því hálf vankabur, þegar Visir hitti hann að máli, en hann ætlaði sér að bjarga því, sem bjargað varð. —EA

### Jón Kjartansson sökk tvær mílur frá landi

# EKKI OFHLEÐSLA

— segir Þorsteinn Gíslason einn eigenda skipsins

Það er alrangt, að Jón Kjartansson hafi verið of hlaðinn. Þarna hefur eitthvað óvænt gerst, sem við vitum ekki um. Þetta sagði Þorsteinn Gíslason, skipstjóri, í morgun um orsakir þess, að Jón Kjartansson sökk í gærkvöldi.

Þetta mikla aflaskip sökk aðeins tvær mílur undan Vattarnesi. Góðar vonir höfðu verið um að bjarga skipinu eftir um níu og hálfir stundar baráttu í gær.

Þorsteinn Gíslason, einn eigenda skipsins, fylgdist allan tímann með björgunarstarfinu. Nafni hans, Þorsteinn Erlingson, var skipstjóri á Jóni Kjartanssyni, en til hans náðist ekki í morgun. Dagfari tilkynnti klukkan 10,24 í gærmorgun, að hann og

tveir bátar fylgdu Jóni Kjartanssyni, sem lónaði norður frá Hvalbaksmiðum með talsverðan bakborðshalla. Skipið var í mikilli hættu, en menn taldir óhultir.

Klukkan 11.15 var bakborðshlið sett upp í vind, en ekki fór betur, þar sem þá lagðist skipið yfir á stjórnborða með svipuðum halla. Dagfari tók alla menn upp nema þrjá, sem reyndu að sigla Jóni Kjartanssyni á eigin vélarafli til Eskifjarðar.

Hallinn jókst, og klukkan 19.45

gáfust menn upp. Dagfari bjargaði mönnum, og skipið sökk kl. 20.35. Þá var dæluskip á leið frá Eskifirði til að freista þess að dæla sjónum úr skipinu, en það náði ekki í tæka tíð.

A Eskifirði er sagt, að hleðsla muni hafa kastast til á Jóni Kjartanssyni, en ekki var upplýst frekar um orsakir.

Jón Kjartansson var áður togarinn Jörundur, smiðaður 1949 og var 491 tonn. Vélar voru nýjar. —HH



Það mátti vart tæpara standa að bjarga húsgögnum út úr þeim húsum sem hér sjást fremst á myndinni. A miðvikudagskvöld var hlaupið til og sem flestu reynt að bjarga út úr húsum, þar sem talið var að braun gæti runnið til byggða, og þá yfir þessi hús. Svo varð þó ekki, þess í stað hefur aska nú eyðilagt mörg hver hús, og sum eru illa á sig komin. Summs staðar logar enn í rústumum. Ljósmynd: Bragi Guðm.

# Ók niður víðavangshlaupara

Ekki eru allir hrifnir af íþróttunum, að minnsta kosti ekki þegar íþróttaiðkanir annarra trufna mikilvæg störf

Víðavangshlaup héráðssambandsins Skarphéðins og IR, svokallað Kambahlaup var haldið nú í gær. Hlupu þátttakerndur frá Kambabrun til Reykjavíkur. Ekki voru samt allir ánaðgír yfir þessu hlaupi að minnsta kosti bárust lögreglunni margar kvartanir vegna hlauparanna frá vegfarendum, sem töldu íþróttamennina trufna umferðina yfir heiðina.

Mikil umferð var á milli Þorlákshafnar og Reykjavíkur, en þar á milli voru bílar í stöðugum ferðum við að flytja búslóðir, er komið hafði verið með frá Eyjum.

Einn vörubílstjórinn varð meira að segja fyrir því að aka aftan á einn íþróttamannanna, sem sennilega hefur ekki viljað hleypa bilunum fram úr. Ekki varð þá areksturinn harður, því hlauparinn hljóp strax af stað aftur með miklum eldmóbi og lét það ekki á sig fá, þótt einn vörubíll keyrði á hann.

Vörubílstjórinn varð auðvitað gramur yfir truflun þeirri, sem íþróttamennirnir ollu og kvartaði til lögreglunnar. Töluverð hálka var á veginum og hafði bílstjóranum ekki heppnast að stoppa, áður en hann óiþróttamanninn niður, sem ekki kenndi sér þó nokkurs meins. —DM

# Eyjabátar uppteknir í flutningum

— og geta ekki byrjað veiðar á meðan

„Við höfum verið að reyna að ráðstafa Vestmannaeyjaflotanum og skipta honum niður á hafnir, en hefur miðað lítið áfram ennþá vegna þess að flotinn er allur í flutningum“, sagði Guðlaugur Stefánsson, útgerðarmaður úr Vestmannaeyjum.

„Okkur þykir að visu soun, að fiskveiðiflotinn skuli notaður í björgunarstarfið í stað flutninga-skipa, sem skortur hefur verið á — en það er svo sem auðvelt að vera vitur eftir á“, sagði Guðlaugur í samtali við Vísir í morgun.

Það mun vera búið að bjarga öllum veiðarfærum úr Eyjum nema allmörgum síðarnótum, sem eru í tveimur veiðarfæragæmslum. — Sumir bátar, sem byrjaðir voru netaveibi, eiga óviltjuð net, sem legið hafa í sjó, frá því áður en gosið byrjaði. Hvenær geta þeir byrjað veiðar?

„Það er okkar verkefni, Útvegsbændafélagsins í Vestmannaeyjum, að reyna að flyta því eins og hægt er“, sagði Guðlaugur Stefánsson, sem er með-eigandi að aflaskipinu Halkion.

„Það var hafizt handa við að skipuleggja það, daginn eftir að gosið byrjaði, því að við gerðum okkur engar grillur um að geta stundað veiðarnar frá Eyjum“. —GP

### Vatnsleiðslan senn í hættu

Vatnsleiðsla Vestmannaeyinga er í mikilli hættu. Kortið sýnir, hvernig hraun og gjall skriður fram, þannig að endi þess nær næstum til vatnsleiðslunnar.


Mælingar Arvakurs í fyrradag og Þórs í gær sýna breytingu á þeim hraun- og gjallmassa, sem stendur upp úr. Hafði yzti hluti massans brotnað á þessum sólarhring og slutt inn að landi, eins og sést með samanburði á mælingu Arvakurs, þar sem þéttstrikaða svæðið nær lengra út frá landi, og mælingu Þórs, þar sem feita brotna strikið sýnir, hvernig massinn færðist til í norður og upp að landi.

Grái hlutinn sýnir aðal hættusvæðið í landi.

A því kemur fram, hvernig hraun og gjall skriður fram, þannig að endi þess nær næstum til vatnsleiðslunnar.

Mælingar Arvakurs í fyrradag og Þórs í gær sýna breytingu á þeim hraun- og gjallmassa, sem stendur upp úr. Hafði yzti hluti massans brotnað á þessum sólarhring og slutt inn að landi, eins og sést með samanburði á mælingu Arvakurs, þar sem þéttstrikaða svæðið nær lengra út frá landi, og mælingu Þórs, þar sem feita brotna strikið sýnir, hvernig massinn færðist til í norður og upp að landi.

Grái hlutinn sýnir aðal hættusvæðið í landi.



# Urðu tíundu í „Sunday Times“-keppninni

— fast á eftir heimsmeistara og kvikmyndahetjuni Shariffs

Asmundur Pálsson og Hjalti Elíasson, íslenzku bridge-spilamennirnir, sem þátt tóku í Sunday Times-móttinu í London núna um helgina, höfnuðu í 10. sæti af 22 þátttakendum — fast á hella heimsmeistararanum Garozzo og kvikmyndastjórnumni Omar Shariff, sem höfnuðu í 9. sæti.

Sunday Timeskeppnin nýtur feikilegra vinsælda meðal fremstu spilamanna heims og þátttakan svo takmörkuð, að ekki komast nærri allir að, sem hefðu þó gjarnan viljað. En stjórnandi mótsins hafði lýst því yfir, að þeir útlendingar, sem höfnuðu fyrir

ofan miðju, mundu verða boðnir aftur til þátttöku að ári líðu.

Sigurveggarar að þessu sinni voru Bandaríkjamennirnir, Altman og Sontag, með 119 1/2 stig, en í öðru sæti lentu félagar þeirra, Weichsel og Smith með 116 stig. Heimsmeistarinn, Belladonna, með félag sínum Mondolfo hreppti þriðja sætið með 115 stigum. — Annars var röðin þessi:

- 4. Coyle-Silverstone, 111 1/2, 5. Rose-Sheehan, 111 1/2, 6. Friday-Rodrique, 109. 7. Morath-Flodquist (Svíþjóð), 103. 8. Tíner-Yallouze (Frakkland) 95 1/2, 9. Shariff-Garozzo, 94 1/2, 10. Asmundur-Hjalti, 93, 11. Cansino-Flint, 92 1/2. —GP



# Verðmætt frímerkjasafn lá tvist og bast

— en freistaði ekki þjófsins

Brotist var inn í hús við Grettisgötu og þar mikið rótað til. Húsið var búið að standa mannlaut síðan sl. sunnudag og varð því ekki vart við inn-

brotið fyrr en um hádegi í gær. Hafði verið spenntur upp gluggi og farið inn um hann, síðan inn í tvö herbergi með því að sparka upp hurðum. Mikið var í

húsinu af verðmætum frímerkjum, fyrstádagsumslögum og minnispeningum. Hafði þessu verið rótað út um öll gölf, en ekki gat fólkíð sagt til um hvort eitthvað hefði horfið.

Mikið var af öðrum verðmæt-

um í húsinu, svo sem útvarps-tæki, sjónvarp, rafmagnsreikni-vélar og ýmis önnur verðmæti. Ekki hafði verið snert við þessum munum. Ekki er vitað hverjir voru þarna að verki né hvenær innbrotið var framið.

# Framlög streyma inn

„Oddvitinn í Ólafsvík situr einmitt hérna hjá mér, og hann var að tilkynna um 300 þúsund króna framlag. Tilkynningar um framlög berast ört inn, og sumir eru mjög rausnarlegir. Til dæmis má nefna, að flestir hreppar í Rangárvallasýslu miða við lágmarksframlag, sem nemur 500 krónum á íbúa“. Þetta sagði Unnar Stefánsson hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, er Visir hafði samband við hann í morgun.

Þegar Unnar var spurður, hvað sambandið hefði gert vegna vandræða Vestmannaeyinga, sagði hann, að það hefði sent bréf til að hvetja sveitarstjórnir til að leggja fram fjárhæðir til styrktar bæjarsjóði Vestmannaeyja, eins mikið og framast væri unnt.

Það voru þessi framlög, sem áður var getið, er streymdu inn í morgun.

Samvinna hefur verið með Rauða krossinum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga um að útvega húsnæði víðs vegar um landið. Sendi sambandið tilmæli til sveitarstjórna um að kanna hver í sinni heimabyggð, hvort ekki myndist þar húsnæði fyrir Eyjabúa. Tilkynningar um laust húsnæði berast svo ýmist til sambandsins eða til Rauða krossins beint.

— Ló

FRÁ  
HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS


## TILKYNNING TIL VESTMANNNAEYINGA



Umboðsmaður ykkar hefur aðsetur í aðalumboðinu  
Tjarnargötu 4, sími 25665

Góðfúslega hafið samband við hann við fyrsta hentugleika.  
Þar verða greiddir vinningar og þar fer endurnýjun fram.

SVEINBJÖRN HJÁLMARSSON  
Umboðsmaður Hapdrættis Háskóla Íslands



HÚSGAGNAVERZLUN  
GUÐMUNDAR GUÐMUNDSSONAR

SKEIFAN 15  
SÍMI 82898

**GRAND SEX SÓFASETTIÐ**  
sem er öðruvísi en hin sófasettin  
og sameinar allt sem þið hafið verið að leita að

**KOMIÐ!**

**Gjörrið svo vel**

**GRAND SEX**





# VÍSIR

Útgefandi: Reykjavent hf.  
 Framkvæmdastjóri: Sveinn R. Eyjólfsson  
 Ritstjóri: Jónas Kristjánsson  
 Fréttastjóri: Jón Birgir Pétursson  
 Ritstjórnarfulltrúi: Valdimar H. Jóhannesson  
 Auglýsingastjóri: Skúli G. Jóhannesson  
 Auglýsingar: Hverfisgötu 32. Símar 11660 86611  
 Afgreiðsla: Hverfisgötu 32. Sími 86611  
 Ritstjórn: Síðumúla 14. Sími 86611 (7 línur)

Askriftargjald kr. 225 á mánuði innanlands  
 í lausasölu kr. 15.00 eintakið.  
 Blaðaprent hf.

## Okkur vantar fé, tæki og fólk

Bæði Samband íslenskra sveitarfélaga og einstök landshlutasamtök sveitarfélaga hafa hvatt öll sveitarfélög landsins til að leggja af mörkum til Vestmannaeyjasöfnunar sem svarar 500 krónum á hvern íbúa viðkomandi sveitarfélags. Ef öll sveitarfélög bregðast vel við, má með þessum hætti fá 100 milljónir króna í söfnunina.

Þessi hvatning samtaka sveitarfélaganna er stærsta átakið í útvegum fjárhagsaðstoðar vegna eldgossins í Heimaey. Ef ríkið leggur fram svipaðan hluta af tekjum sínum, ættu að geta komið 200-300 milljónir króna til viðbótar. Og framlag ríkis og sveitarfélaga á að geta náðst án sérstakrar skattlagningar.

Þar að auki á erlend fjárhagsaðstoð að geta numið verulegum fjárhæðum. Ríkisstjórnin afneitaði í gærkvöldi þeirri stefnu Þjóðviljans, sem sett var fram á föstudaginn og ítrekuð á sunnudaginn, að ekki mætti taka við fjárhagsaðstoðinni, sem mörg erlend ríki hafa boðið.

Fyrstu viðbrögð ríkisstjórnarinnar, þegar aðstoðin var boðin, voru fremur kuldaleg og á þann veg, að bezt væri að biða og sjá til. Þóttust margir sjá í þessu endurspeglun á ótta Þjóðviljamanna við, að Bandaríkjamenn mundu auka vinsældir sínar hér á landi með fjárhagsaðstoð við Eyjamenn. En í gær tók ríkisstjórnin hins vegar af skarið og tjáði sig hlynntu erlendri aðstoð.

Það fé, sem þegar hefur verið notað, er að mestu leyti frá einstaklingum og fyrirtækjum, sem brugðu skjótast við. Framlög munu áfram berast frá slíkum aðilum og geta fljótlega numið verulegum fjárhæðum.

Þegar allt þetta er talið saman, er trúlegt, að ná megi saman meira en hálfum milljarði króna, áður en til róttækari aðgerða kemur, svo sem almenningar skattlagningar. Engin leið er enn til að átta sig á, hvort slík fjárhæð mundi nægja. Enn sem komið er nemur tjón, tekjutap og björgunarkostnaður ekki allri þessari upphæð. Svo getur hæglega farið, ef ekkert lát verður á gosinu, að slík fjárhæð verði allsendis ónóg.

Enginn Íslendingur mun færast undan því að taka á sig verulegar byrðar til að létta undir með Eyjamönnum, sem hafa sýnt einstæðan dugnað og æðruleysi í hörmungum sínum. Þegar þær byrðar hafa verið vegnar, munu menn taka þær á sig með glöðu geði.

Enn er ótalin aðstoð, sem staðið hefur til boða, en aðeins verið þegin í litlum mæli. Varnarliðið á Keflavíkurflugvelli hefur haft til taks þyrlur, flugvélar og mikinn annan búnað, auk vel þjálfaðra björgunarsveita. Þetta var aðeins notað fyrstu nóttina, en síðan hefur varnarliðinu að mestu verið haldið utan við aðgerðir.

Þóttust margir kenna þar áhrif frá Þjóðviljamönnum ríkisstjórnarinnar, sem ekki mega til þess hugsa, að gagnsemi varnarliðsins verði Íslendingum almennt ljós. Nú hefur Almanna varnaráð hins vegar lýst því yfir, að það beri ábyrgð á samskiptunum við varnarliðið, og þar með hefur það veitt ríkisstjórninni hálfgerða aflausn.

Það skiptir svo sem litlu, hver tekur á sig skömmuna, ef menn hafa það í huga, að hörmungarnar í Eyjum eru alvarlegri en svo, að unnt sé að láta framboðinn útbúnað, fjármagn, og mannafla ónotaðan.

# Að bjarga andlitinu

Sérhver þátttakandi í Indó-Kinastríðinu, beinn og líka óbeinn, telur sig hafa sigrað. Nixon forseti kallaði það frið með sæmd, sigur í þeim skilningi, að Bandaríkjamenn hefðu náð fram „réttri sort af friði.“

Nguyen Van Thieu, forseti Suður-Vietnam, heldur því fram, að kommúnistar hafi tapað og Saigon komið frá þessu sem sigurvegari, þar sem Norður-Vietnam hafi „neyðt til að láta af árásarstefnu sinni gegn suðri.“

Le Duc Tho, aðal-samningamaður Norður-Vietnam, kallaði samkomulagið „mikinn sigur fyrir vietnamska fólkið.“ — Til þess að fá rétta merkingu í orðið „fólk“ eða þjóð“ í kommúnistamáli má skipta á því og orðinu „kommúnistar“.

Ráðstjórnarríkin, sem helltu hernaðar- og efnahagsaðstoð til „félaganna“ í Norður-Vietnam árum saman, fulltrúu einnig, að „fólkið“ hafi sigrað, mestan part fyrir tilstilli „hjálpar og stuðnings Ráðstjórnarríkjanna og annarra socialistaríkja“.

Kína, sem einnig lagði drjúgan skerf til aðstoðar Norður-Vietnónum, lýsti yfir sigri „fólksins.“

Því er almennt trúað, að í Austurlöndum séu menn mikil í mun „að bjarga andlitinu.“ — Það var mikil um slíkt einmitt í samkomulaginu, sem Henry A. Kissinger og Le Duc Tho náðu í París.

Bandaríkjamenn og Suður-Vietnamar voru þeirrar skoðunar, að hlutlausu beltíð við sautánda breiddarbaug ættu að vera afdráttarlaus mörk milli ríkjanna, sem kommúnistastjórn Norður-Vietnams yrði að virða. Norður-Vietnamar sögðu, að engin slík landamæri gætu komið til greina, þar sem Vietnam væri í rauninni ein þjóð.


Lausnin: Hlutlausu beltíð var yfirlýst tímabundin aðskilnaðarlína, sem mást mundi burtu af sjálfu sér eftir sameiningu Norður-Vietnams og Suður-Vietnams að liðnum frjálsum kosningum. En þar sem frjálsar kosningar sýnast heldur ósennilegt fyrirbæri í hvorugu ríkinu um ófyrirsjáanlega framtíð, verður hlutlausu beltíð markalína um „stundarsakir“ svona mest í



Umsjón:  
 Guðmundur Pétursson




Nixon.....



Tho.....



Kissinger.....



og Van Thieu — allir björguðu þeir andlitinu.

orðinu, en í reyndinni verður það um ófyrirsjáanlega framtíð. — Allir björguðu þó andlitinu.

Bandaríkjamenn og Suður-Vietnamar sögðust aldrei mundu þola, að Suður-Vietnam yrði þröngvað til sameiningar. Norðanmenn og Viet Congar kröfðust sameiningar, en þó þannig að stjórn Thieu yrði sparkað út.

Lausnin: „Eftirlitsráð endurhæfingar og einingar“ á að skipuleggja kosningar þar sem Saigon-stjórnin, Viet Cong-hreyfingin og óháðirættu jafna fulltrúa. En þar sem þetta ráð á að starfa á þeim grundvelli, „að einungis samhljóða álitserðir þess skuli teknar til greina“ — blasir framtíð þess þannig við, að þar renni flest út í orðsakak og lítið annað. Á meðan verður stjórn Thieu áfram við völd. — En andliti var bjargað.

Meðan víðræðurnar stóðu yfir, hreyfðu Bandaríkin margsinnis við því máli, að eitthvað þyrfti að gera gagnvart þeim 145.000 norður-vietnamsku hermönnum, sem þeir töldu vera í Suður-Vietnam. Suður-Vietnam sagði, að þessar hersveitir teldu 300.000 menn og enginn friður væri hugsanlegur, fyrr en þeir væru allir á brott úr Suður-Vietnam. Norður-Vietnam sagði að þeir ættu ekkert hellið í Suður-Vietnam, og alla vega mundu þeir hvergi fara. Á loknum víðræðunum hæddist Le Duc Tho, að „hinni svonefndu spurningu“ um hersveitir Norður-Vietnams.

Útkoman: Ekki var minnzt einu orði á þetta atriði í samkomulaginu. — Ennþá einu sinni var andlitinu bjargað.


Bandaríkjamenn vildu eftirlit fjögurra þjóða, sem hefðu á sínum vegum 5000 manna öryggisveitir, auk svo líbsauka aðilanna sjálfra. Og jafnframt það, að þessar sveitir hefðu fullkomid ferða- og athafnafrelsi í öllum afikum landsins. Hanoi vildi í mesta lagi 250 manna alþjóðlega öryggisveit, sem hefði þó mjög takmarkað ferða- eða athafnafrelsi.

Lausnin: Það verða 1.160 menn í öryggisveitum alþjóðaeftirlitsins. En um leið er gert ráð fyrir að það þurfi samhljóða alit eftirlitsráðsins til þess að láta til skarar skriða, ef berast skýrslur um brot á vopna-hlésskiðmalunum. Þetta sama skilyrði var einmitt það, sem reid fyrra eftirlitsráðinu að fullu, eftir að það hafði verið sett á laggirnir í samningum árið 1954. — Samt sem áður, — andlitinu var bjargað.

Allir aðilar stríðsins gengust inn á það, að grundvallarsjónarmiðið um sjálfsákvæðunarrétt þjóðarinnar í Vietnam verði virtur. Allir taka þær skýrt fram, að fólkið verði sjálft að ákveða framtíð sína. Og heðan í frá, hvornig sem allt annað fer, munu bæði Hanoi og Saigon gera sitt ítrasta til þess að „sjálfsákveða“ fólkið.

En hvað um það, — andliti hefur verið bjargað.





Aska, eldur og rústir. Ný hús hafa eyðilagzt gjör-samlega í gosinu. Sliku er ekki hægt að lýsa, en myndirnar tala sínu máli.

## ÁFENGI FYRIR 20 MILLJ. PAKKAÐ NIÐUR Í EYJUM

Þó að íbúðarhús séu látin ganga fyrir í Vestmannaeyjum, hvað við kemur brottflutningi á öllu verðmæti í þeim, þá hefur einnig verið losað úr nokkrum verzlunum þar í kaupstaðnum. Flestir standa kaupmennirnir að því sjálfir að tina það sem þurfa þykir úr verzlunum og koma því í örugga höfn, en húsgögn úr íbúðarhúsum ganga fyrir, þegar að flutningi kemur frá Eyjum.

I gær var þó hafizt handa á því að tina allt „verðmætt“ úr áfengisverzluninni í Eyjum. Öllu áfengi var pakkað niður, en það er að verðmæti 20 milljónir. Að því er blaðið fregnabí, er það áfengismagn einn þriðji af því, sem Vestmannaeyingar drekka á ári. Ekki verður áfengið flutt frá Eyjum strax, en því hefur verið pakkað niður í kassa og bíður betri tíma, þar sem aðrir hlutir ganga fyrir. —EA

## 300 MANNS Í EYJUM

Um þrjú hundruð manns eru nú í Eyjum, að því er Kjartan Guðmundsson hjá upplýsingastöð lögreglunnar í Eyjum tjáði okkur í morgun. Meiri hluti þessa fólks starfar hjá lögreglu, slökkviliði eða hjálparsevnum, og margt af þessu fólki hefur verið sent frá Reykjavík.

Kjartan hélt, að buið væri að safna saman húsgögnum úr tvö til þrjú hundruð húsum, þó að ákaflega erfitt sé að segja til um það. Í gær frá hádegi voru til dæmis losuð 45 hús. 80 manns eru nú eingöngu í því starfi að negla fyrir glugga, enda veitir ekki af, þar sem rúður brotna unnvörpum undan þunga öskunnar.

Enn er haldið áfram af fullum krafti við að losa hús, en undir morguninn fékk fólk í Eyjum þó nokkra hvíld, og gátu sumir látið það eftir sér að halla sér úrþreyttir á koddna. En hvíldin tekur ekki marga tíma, og í dag verður sópað af þökum húsa í Eyjum. 50 manns frá Slysavarnadeildinni Ingólfr komu til Eyja í gærðag með Gullfossi. —EA

## Þriðjungur hefur fengið inni — gengur vel að útvega húsnæði

Tilboð streyma inn í Hafnarbúðir um húsnæði fyrir Vestmannaeyinga. Að því er Sigurbjörn A. Friðriksson starfsmaður hjá Rauða krossinum sagði í viðtali við blaðið í dag, mun takast að leysa úr öllum húsnæðisvand-ræðum Eyjaskeggja. Sigurbjörn sagði, að það gæti tekið nokkrar vikur, en þegar hafa borizt tilboð um húsnæði á Akranesi, Sandgerði, Grindavík, Þorlákshöfn og Reykjavík.

Tilboðin eru flest af subvestur hluta landsins, svo ekki ættu Eyjaskeggjar að dreifast svo mjög um allt landið. Tilboð berast einnig um húsnæði í einkahúsum, sumarvalarheimilum sjómanna, Lækjarbotnum, Kjalar-nesi og Ölfusborgum.

Sigurbjörn sagði, að þarna kæmu fram húsnæði, sem enginn hefur haft hugmynd um, til dæmis sumarbústaðir með heitu og köldu vatni og rafmagni.

Enginn er á götunni núna, en 1500-2000 manns er þegar komið í húsnæði. Það eru þeir, sem verst voru settir í upphafi. Enginn verður sendur í húsnæði nema að atvinnu sé tryggð. Vinnumiðlun er nú í gangi, og eru það verka-lyðsfélögin í Vestmannaeyjum, sem sjá um hana ásamt Rauða krossinum. Var könnun gerð um helgina um atvinnuöguleika.

Þeir, sem nú eru í ágætu húsnæði og þurfa ekki að yfirgefa það strax, verða látnir bíða, þ.e.a.s. þar til þeir, sem verst eru settir, hafa komið sér fyrir.

Það má geta þess, að klukkan sjó á þriðjudagskvöld, fyrsta dag gossins, voru aðeins 60 Vestmanneyingar húsnæðislausir í skólum borgarinnar. Þann daginn streymdi að fólk í skólana, sem spurði hreint og beint, hverjir væru húsnæðislausir. Þeir, sem gáfu sig fram, fengu þegar í stað inni. —EA

## HRINGUR OG ÚR Í TÓLGARPOTTINUM

Í barnaskólanum í Eyjum hefur verið komið fyrir húsgögnum úr um það bil 40 húsum í Vestmannaeyjum. Barnaskólinn ásamt Alþýðuhúsinu hefur verið notaður sem geymsla fyrir húsgögn íbúanna, það er að segja þau húsgögn, sem ekki hafa farið með bátum til Reykjavíkur eða Þorlákshafnar.

Þau húsgögn og þann húsbúnað, sem er í húsnæði skólans eins og er, verður reynt að fara með til Reykjavíkur eða annað eins fljótt og hægt er, annaðhvort flugleiðis eða sjóleiðis.

Í kjallara skólans hittum við að máli þá Gísla Eyjólfssonur í Eyjum og aðstoðarmann hans, kunningja hans úr Reykjavík, sem kom til Eyja til þess að hjálpa til.


„Við fórum öll fjölskyldan til Reykjavíkur, þegar gosið hófst“, sagði Gíslur. „Aðvitað var ekkert hægt að taka með sér, og þess vegna gerði ég tilraun til þess að komast til Eyja aftur. Ég hafði þá með mér kunningja minn, Elías, en það gekk ekki of vel að komast,

þar sem enginn átti að fá að koma til Eyja. Við komumst þó að lokum með bát og létum skrá okkur hér í hjálparsevit. Síðan hefur verið nóg að gera“.

„Svefn hefur verið litill. Við gátum mest sofið fimm tíma einn sólarhringinn. Eg man ekki, hvenær það var, því að ég veit ekki einu sinni, hvaða dagur er í dag, eða hvort það er nótt eða dagur. Tímaskyn hefur maður misst“.

„Í fyrrirott fengum við að sofa í nokkra tíma, og okkur var sagt, að nú væri að koma sveit manna, sem myndi að einhverju leyti leysa okkur af. Við sofnuðum því, en vorum fljótt vaktir aftur, þar sem komu sveitarinnar seinkaði. En ekki er maður að telja þetta eftir sér. Öllu verður að reyna að bjarga, og sérstaklega áhættu-svæðum. Eg hef til dæmis orðið að láta önnur hús ganga fyrir minni eigin, en það verður við allir að gera. Önnur hús eru í meiri hættu, og að þeim verður maður að snúa sér“.

En Gíslur hafði samt komizt til húss síns og getað bjargað þar út



Gíslur Eyjólfsson er einn af þeim, sem unnið hefur hörðum höndum við björgunarstarfi í Eyjum.

öllu eiginlegu. A gólf skólans, þar sem húsgögnum hans hafði verið komið fyrir lá tólgarpottur. Þegar Gíslur opnaði hann gat hann ekki varizt brosi, því að ofan á storknaðri tólginni í pottinum fann hann tvenn úr og silfur-kring. Þar hafði hann komið hlutunum fyrir í öllum látnum. Í kaiffikönnun og brúsum var hálf kalt kaffi, og ýmsar matarleifar gefur að finna í þeim látnum Eyjaskeggja, sem bjargað hefur verið. En enginn fæst um slikt, en Gíslur sagði ekki mundu koma aftur til Eyja. —EA

## RAUÐI KROSS ÍSLANDS Húsnæðiskönnun vegna Vestmannaeyinga

**A** Eg býð hér með neðangreint húsnæði til afnota

Nafn \_\_\_\_\_

Heimilisfang \_\_\_\_\_

Heimasími \_\_\_\_\_ Vinnusími \_\_\_\_\_

**B** Húsnæðið er staðsett  A sama stað og heimili mitt

Annars staðar - Heimilisfang \_\_\_\_\_

**C** Upplýsingar um húsnæðið sem í boði er:

|   |  |                                       |  |   |                                  |  |                                  |                                   |                                  |   |                                 |   |
|---|--|---------------------------------------|--|---|----------------------------------|--|----------------------------------|-----------------------------------|----------------------------------|---|---------------------------------|---|
| <b>1. STAÐ</b><br>Aætlaður fermetraffjöldi er _____ | <input type="checkbox"/> 1 herb.   | <input type="checkbox"/> Auk þess:    | <input type="checkbox"/> 2 herb.                             | <input type="checkbox"/> Eldhús               | <input type="checkbox"/> 3 herb. | <input type="checkbox"/> Aðg. að eldhúsi | <input type="checkbox"/> 4 herb. | <input type="checkbox"/> Baðherb. | <input type="checkbox"/> 5 herb. | <input type="checkbox"/> Aðg. að baðherb. | <input type="checkbox"/> Fleiri | <input type="checkbox"/> Staðsetning 4 húsi _____ |
| <b>2. AÐSTAND HÚSNÆÐIS</b>                          | <input type="checkbox"/> I góðu lagi   | <input type="checkbox"/> I sæmil lagi | <input type="checkbox"/> Þarf að lagfæra fyrir ca. kr. _____ | <input type="checkbox"/> Hús í byggingu _____ |                                  |  |                                  |                                   |                                  |   |                                 |   |
| <b>3. TÍMI</b>                                      | Vestmannaeyingur/ar er þegar í því húsnæði sem um ræðir <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei |                                       |  |   |                                  |  |                                  |                                   |                                  |   |                                 |   |
| <b>4. ANNAD</b><br>(t.d. leigukjör)                 | Húsnæði laust strax Laust ca dagsetn. _____ Afnotatími? _____  |                                       |  |   |                                  |  |                                  |                                   |                                  |   |                                 |   |

Vinsamlegast krossið við þau atriði sem við á Vinsamlega póstsendið með utanáskriftinni **RAUÐI KROSS ÍSLANDS** Öldugötu 4, Reykjavík





## 150-200 farþegar í Herjólfu í gær

Hvorki meira né minna en 150-200 farþegar voru en borð í Herjólfu, þegar hann lagði af stað til Þorlákshafnar frá Vestmannaeyjum í gærkvöldi.

Venjulega tekur Herjólfur um 50 farþega, en fyrstnefnd tala er ágizkun þeirra, sem um borð

voru. Var allt yfirfullt og lágu og sátu farþegar á göngum skipsins.

Herjólfur hefur, frá því að gosið hófst, farið átta ferðir frá Eyjum til Þorlákshafnar, og alltaf hefur verið yfirfullt um borð. Ahöfnin hefur þó getað sofð og fengið sína hvíld, þar sem þar gildir venjuleg sjóvakt.

Herjólfur mun halda áfram að flytja fólk, húsgögn og bíla frá Eyjum, en flest allir fólksbilar eru nú farnir frá Eyjum. Hekla, Esja, Dettifoss og Gullfoss hafa verið í förum ásamt bátafloata Vestmannaeyinga.

— EA

### ORÐ DAGSINS Á AKUREYRI



Hringið, hlustið og yður. mun gefast ihugunarefni.

SÍMI (96)-21840



## TILBOÐ

Óskast í eftitaldar bifreiðar, er verða til sýnis þriðjudaginn 30. janúar 1973, kl. 1—4 í porti bak við skrifstofu vora Borgartúni 7:

|  |           |
|--|-----------|
| Volkswagen 1600 fólksbifreið             | árg. 1970 |
| Volkswagen 1500 fólksbifreið             | árg. 1967 |
| Consul Cortina fólksbifreið              | árg. 1965 |
| Opel Admiral fólksbifreið                | árg. 1966 |
| Volvo station fólksbifreið               | árg. 1963 |
| Volvo station fólksbifreið               | árg. 1965 |
| Volvo station fólksbifreið               | árg. 1965 |
| Land Rover diesel                        | árg. 1968 |
| Land Rover dísel                         | árg. 1964 |
| Land Rover benzín                        | árg. 1962 |
| Land Rover benzín lengri gerð            | árg. 1966 |
| Gaz 69 jeppi                             | árg. 1967 |
| Willys jeepster                          | árg. 1967 |
| Ford Club Wagon                          | árg. 1967 |
| Volvo Laplander                          | árg. 1965 |
| Volvo Laplander                          | árg. 1965 |
| Ford Transit sendiferðabifreið           | árg. 1967 |
| Ford Transit sendiferðabifreið           | árg. 1968 |
| Ford Transit sendiferðabifreið           | árg. 1968 |
| Volkswagen sendiferðabifreið             | árg. 1965 |
| Renault R-4 sendiferðabifreið            | árg. 1968 |
| Scania Vabis vörubifreið                 | árg. 1965 |
| Volvo vörubifreið með framdrifi og krana | árg. 1959 |
| Volvo vörubifreið með framdrifi og krana | árg. 1962 |
| Mórorhjul                                |           |

Tilboðin verða opnuð sama dag kl. 5.00 að viðstöddum bjóðendum. Réttur áskilinn til að hafna tilboðum, sem ekki teljast viðunandi.

**INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS**

BORGARTÚNI 7 SÍMI 26844



# Dúndrandi útsala mánudag, þriðjudag, miðvikudag.

- ★ Herraføt, feykilegt úrval í algengustu stærðum
  - ★ Herrafrakkar, mesta úrval til þessa Verðlagning miðast við, að þér gerið reyfarakaup, hvað sem þér kaupði
  - ★ Stakir jakkar, buxur, peysur, skyrtur, bindi, sokkar, úlpur
- Sé ösin of mikil þegar þér komið, þá reynið aftur seinna. Við fyllum í skörðin jafnóðum og selst, og bætum nýjum vörum við daglega

Verið velkomin á útsöluna  
**Aðeins 3 dagar**  
Opið til kl. 22 á þriðjudag





# ASKAN BERST ÚT Á HAF

Síðustu fréttir frá Vestmannaeyjum eru þær, að vinddútt virðist nú eitthvað vera að lögja, og er ekki lengur óskufall yfir bænum. Reykmökkur er þó mjög mikill, og þurfa Eyjaskeggjar að nota gasgrímur sínar núna.

Þó að súðaustanátt hafi verið ríkjandi í morgun, er búizt við, að vinddútt snúist upp í norðaustanátt. Engin slys eða brunar urðu í morgun.

# Reynum að koma at- vinnulífi í gang

— segir bæjarstjóri í Eyjum. Hættusvæðið nær að Skólavegi

Aðalhættusvæðið þ.e.a.s. í óskufalli nær nú orðið vestur að Skólavegi, en það eykst ákaflega fljótt. Hús á þessu svæði ganga algjörlega fyrir í flutningi hús gagna og verðmæta, en þó hefur eitthvað verið flutt á við og dreifum bænni, og til dæmis úr húsum vestast úr bænum” Svo sagði Magnús H. Magnússon, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, í viðtali við Vísir í gær, en nánar tiltekið er Skólavegur í miðbæ kaupstaðarinnar, þannig að hættusvæðið nær nú lengra en aðeins um byggðina austast.

„Við teljum, að hættan sé mest

af Íkveikjum”, sagði Magnús enn fremur. „Þegar glóandi steinar fara að falla yfir, er hætt við, að þeir lendi í húsum. Vikurinn kemur sér þó ekki illa, þar sem hann hefur fallið á þökin. Hann getur jú vissulega haft þær afleiðingar, að þökin hrynji, það er að segja þar sem eru slétt þök, en hann má hreinsa af. Vikurinn er nokkur vörn gegn eldregningu, þar sem það slokknar í steinunum, ef þeir lenda fyrst í vikrunum. „En vikurinn verður samt sem áður að moka af, og við þurfum að fá verkfæri til þess”.

Armann Eyjólfsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Eyjum, sem Vísir spjallaði við ásamt bæjarstjóra, sagði, að reynt yrði að koma frystihúsum og öðrum sliikum fyrirtækjum í gang sem fyrst. Ef óskufall leggur ekki byggðina alla saman í rust, verður það reynt eftir fremsta megni.

„En það er ekki hægt að búast við því, að konur og börn geti komið hingað til Eyja strax”, sagði Armann. „En karlmennt getu verið við vinnu hér, og það yrði þá legið í veri eins og í gamla daga. Mönnum yrði tryggt kaup,


og þá gæti atvinnulíf hafizt að nýju”.

Að því er bæjarstjórinn sagði, verður svæðið vestur að Skólavegi látið ganga fyrir í hreinsunum, en síðan verður haldið áfram vestur bænni, eftir því sem ástæða þykir til. Hús vestast í bænum verða því látin mæta af gangi nema annað komi til. Mikil af húsgögnum er flutt til Þorlákshafnar, en einnig til Reykjavíkur.

Armann tók það fram, að í fyrstu hefði mikið vantað af sjálfbóðaliðum. Hann sagði þó að það hefði rætt úr því, og sumir þeir sjálfbóðaliðar, sem nú eru í Eyjum, gefa sér ekki tíma til að sinna eigin húsum eða eignum, en snúa sér að öðrum.

Skipulag hjálpar- og björgunarstarfsins í Eyjum sagði hann, að myndast hefði smátt og smátt, og það væri nú að komast í fastara form.

—EA



## Gagnfræðaskóli Vestmannaeyja á Nesið?

„Það hefur verið ákveðið að láta félagsheimilið í té Vestmannaeyingum og einnig stendur þeim til boða að fá til afnota anddyri íþróttahússins”, sagði Karl B. Guðmundsson, oddviti Seltjarnarneshrepps Ennfremur hefur Gagnfræðaskóla Vestmannaeyja verið boðið að setur í Mýrarhúsaskóla á Nesinu.

Karl sagði, að það, sem þeim hefði dottið í hug, væri að nota salinn í félagsheimilinu sem matsal, en í kjallaranum væru fimm herbergi ásamt snyrtiáðstöðu og

eldunaráðstöðu, þar sem fólk getur fengið að búa. Einnig er hugmyndin að nota anddyri íþróttahússins, sem er rúmgott, fyrir svefnskála. Leiðað mun til íbúa hreppsins og þeir bednir að hjá húsneði fyrir eitthvað af fólki. Páll Guðmundsson skólastjóri í Mýrarhúsaskóla sagði, að Vestmannaeyingum stæði til boða afnot af sjö til átta kennslustofum eftir hádegi, og hefði það verið hugsað sem lausn á húsneðisvandræðum Gagnfræðaskólans í Vestmannaeyjum. Ísjórinn á Seltjarnarnesinu er reibúinn til að taka fólk í vinnu frá Vestmannaeyjum. Að sögn forstjóra Ísbjarnarins er í ráði hjá þeim að innrétta húsneði á Nesinu, þar sem verkafólk á þeirra vegum getur fengið að búa. Það húsneði mun þó eingöngu ætlað einstaklingum. —LÖ

## Of stórir til að þiggja hjálp?

Við viljum fyrst og fremst kveikja aftur vonarneista hjá Vestmannaeyingum, sem hafa þurft að flýja heimili sín. Tilfellið er, að það er fyrst núna, sem margir þeirra eru að átta sig á því, hvað hefur gerzt og sérstaklega konurnar eru farnar að brotna anzi mikið niður, sagði Sigfús Johnsen, sem ásamt öðrum gengst fyrir borgarafundi Vestmannaeyinga í Austurbæjarbó kl. 9.

Við, sem fyrir þessum fundi

stöndum, viljum heyrna hljóðið í Vestmannaeyingum almennt. Við viljum, að ýtt verði við ríkisvaldinu, að ekki verið legið á tilboðum um hjálp erlendis frá. Erum við svo stórir menn, að við getum ekki þegið hjálp á erfildum tímum? Þá viljum við, að endurreisnarstarfið sé þegar hafið af fullum krafti. Margir Vestmannaeyingar telja, að ekki hafi verið nægjanlega vel unnið að björgunarmálum. Við getum allir verið vitrir eftir á. Gagnrýnin orkar því kannski tvímælis. En það er ekki ástæða til þess að biða lengur það er vitað mál, að 90% húsanna, sem hafa brunnit, hafa farið vegna þess, að glóandi gjallmolar hafa farið í gegnum glugga. Þetta

má vel fyrirbyggja. Einnig má fyrirbyggja, að hús leggist saman af þunga óskunnar með því að ryðja þök húsanna. En til þess þarf mannafla, sagði Sigfús. Við þurfum að gera allt, sem í okkar valdi stendur, til að bjarga byggðinni. Sigfús sagði, að Vestmannaeyingum litist illa á það, ef ríkisstjórnin færi að blanda saman efnahagsmálum almennt og þeim vanda, sem hlýzt af gosinu í Eyjum. Eg tel raunar, að sjóðir, sem Ísland er aðili að, geti veitt okkur verulega hjálp í formi beinna fjárframlaga og lána til langs tíma. Um þetta þarf fólk að fá að vita, svo það skilji, að það hefur ekki misst allt sitt, sagði Sigfús. —VJ